

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2014, fimmtudaginn 13. nóvember var haldinn 122. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:10 og var haldinn í leikskólanum Bakkaberg á Kjalarnesi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Eiríkur Hans Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallavina, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, Margrét Richter, fjármálastjóri í Miðgarði, og Hera Hallbera Björnsdóttir, frístundaráðgjafi í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Rætt um málefni leikskólans Bakkabergs, Edda Margrét Jensdóttir, leikskólastjóri, og Valgerður Anna Þórisdóttir, leikskólakennari, komu á fundinn undir þessum lið og kynntu leikskólann. 45 nemendur í leikskólanum á aldrinum 1-5 ára, og 17 starfsmenn. Nokkur börn, fædd árið 2013, á biðlista. Leikskólinn gefur sig út fyrir að vera vinaleikskóli og lögð er mikil áhersla á að vinna með vináttuna í starfi leikskólans.

Hafsteinn Númason kom á fund kl. 17:30.

Starfsmenn hafa nokkrar áhyggjur af því að nokkuð ber á því að þegar komið er með börn í leikskólann á morgnana eða þau sótt í lok dags þá eru börnin laus í bílunum. Ingibjörgu falið að hafa samband við Samgöngustofu til að kanna hvort þau hafi tök á því að senda mannskap uppeftir til að hafa vöktun við leikskólann og hvort þau eigi eitthvert fræðsluefni sem hægt er að dreifa meðal foreldra.

2. Fjallað um Fólkvang. Ingibjörg kynnti hver staðan á því er. Rekstrarfélag Fólkvangs búið að senda inn formlega umsókn um að félagið takið við rekstri Fólkvangs. Óskað er eftir formlegri yfirlýsingu frá hverfisráði Kjalarness vegna þessa.  
Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Kjalarness lýsir yfir ánægju sinni með að Reykjavíkurborg skuli gera félögum á Kjalarnesi kleift að reka Fólkvang með þeim hætti að best nýtist íbúum Kjalarness. Hverfisráð Kjalarness mælir því með að gengið verði til samninga við rekstrarfélag Fólkvangs um rekstur félagsheimilis Fólkvangs á Kjalarnesi til eins árs. Að ári liðnu áskilur hverfisráð sér rétt til að endurmeta hvernig til hefur tekist. Rekstrarfélagið Fólkvangur var stofnað 27. apríl 2013 gagngert í þeim tilgangi að reka Fólkvang fyrir hönd félagasamtaka á Kjalarnesi. Að rekstrarfélaginu standa níu aðildarfélög sem hafa nýtt Fólkvang fyrir starfsemi sína.

3. Lagt fram til kynningar svar við erindi frá íbúum í Kollafirði. Íbúar í Kollafirði óskuðu eftir að Reykjavíkurborg lagi göngubrú sem liggur í Kollafirði. Eignarhald á brúnni er Ríkissjóður og því hafa hvorki Reykjavíkurborg né Skógræktarfélag Reykjavíkur nokkuð með þessa brú að gera.

### Fundi slitið kl. 18:20

Ólafur Þór Zoéga  
Guðfinna Ármannsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Eldey Huld Jónsdóttir  
Hafsteinn Númason